

Skýrsla fagstaðlaráðs í upplýsingatækni - FUT fyrir starfsárið 2010 - 2011

Skýrsla FUT fyrir starfsárið 2010-2011

Framkvæmdaráð FUT tók þá ákvörðun síðasta sumar um það að færa hlutverk FUT úr því að vera beinn gerandi í starfsemi tækninefnda, yfir í það að vera meira bakland og stuðningur við starfsemi þeirra. Formenn tækninefnda hafa komið inn fundi framkvæmdaráðs FUT og upplýst reglulega um stöðu verkefna. Á þessu starfsári hefur framkvæmdaráð FUT haldið 8 fundi og einn vofund. Athuga ber að starfsárið er heldur styttra en venjulega. Aðilar FUT eru nú 34. FUT hefur fengið nýjan starfsmann, Steinunni Valdimarsdóttir, en Guðbjörg Björnsdóttir lét af störfum í haust eftir að hafa starfað fyrir FUT í 9 ár. Henni er þakkað fyrir frábærlega vel unnin störf í gegnum árin og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi. FUT stofnaði nýja tækninefnd um rafræna flutningakeðju í haust. Meginhlutverk hennar verður að þróa og móta tækniforskriftir og staðla fyrir rafræna miðlun upplýsinga á milli viðskiptaaðila og þjónustuaðila flutningskeðjunnar. Upplýsingarnar geta meðal annars varðað tollafgreiðslu vörunnar, innflutning hennar, afhendingu í og úr vöruhúsi, birgðabreytingar, afstemmingu birgða, staðsetningu vörunnar, ástand hennar og umhverfisaðstæður. Núna eru starfandi 5 tækninefndir á vegum FUT sem yfir 100 manns taka þátt í.

Starfandi tækninefndir eru:

- **Tækninefnd um grunngerð rafrænna viðskipta**
4 vinnuhópar um 4 verkefni:
rafrænn reikningur, kreditreikningur, pöntun og vörulisti
- **Tækninefnd um vefþjónustur banka og sparisjóða**
1 vinnuhópur um verkefnið sambankaskema
- **Tækninefnd um dreifilyklaskipulag**
3 vinnuhópar um 8 verkefni:
Form og málreglur fyrir dulritaða og undirritaða hluti, tímastimplun, skilgreining á öryggisstigum, samskiptahættir fyrir stöðu skilríkja, innihald skilríkja, kröfur til dreifilyklaskipulags, kröfur til vottunarstöðva og tæknileg samþætting
- **Tækninefnd um rafræna flutningakeðju**
- **Tækninefnd um íslensk hnappaborð**

Fjármögnun starfsins

Með hliðsjón af efnahagsumhverfinu í landinu, þá hefur fjármögnun starfsins verið fyrirferðamikil. Sameiginleg stefna FUT og ICEPRO um rafræn viðskipti var samþykkt í febrúar 2010 af FUT eins og Rúnar Már Sværissón þáverandi formaður, kynnti á síðasta vofundi. Sú stefna markaði ákveðin tímamót í almennri fjármögnun stöðlunarverkefna á þessum vettvangi. FUT og ICEPRO störfuðu saman að því að afla fjármagns til þess að framfylgja stefnunni hjá Samtökum atvinnulífsins, ríkinu, Reykjavíkurborg og Staðlaráði Íslands. Þessir aðilar samþykktu í desember síðastliðnum að styrkja verkefnið, sem fer að miklu leyti fram í tækninefnd um grunngerð rafrænna viðskipta. Tækninefndin er að leggja lokahönd á nýja tækniforskrift um rafrænan reikning skv. umgjörð BII 04 (TS136:2011). Í samráði við Staðlaráð er verið er að huga að nýjum leiðum varðandi rafræna útgáfu og dreifingu tækniforskriftarinnar. Verkefni tækninefndar um vefþjónustu banka og sparisjóða hefur gengið vel. Tækninefndin er að fullu fjármögnuð af þeim hagsmunaaðilum sem vinna að verkefninu.

Það má segja að þessar tvær tækninefndir séu í grundvallaratriðum ólíkar og sama á við um fleiri tækninefndir. Almennan reglan er sú að starf tækninefnda þarf að vera fjármagnað af þeim sjálfum. Ólíkt eðli kalli hinsvegar á ólíkar leiðir í fjármögnun. Ljóst er að ný stjórn þarf á næsta starfsári að leita leiða varðandi fjármögnun á tækninefndum. Tækninefndir má flokka í tvennt:

Verkefni sem gagnast almannahagsmunum

Grunngerð rafrænna viðskipta

Dreifilyklar

Hnappaborð

Sértæk verkefni skilgreindra hagsmunaaðila

Sambankaskema

Rafræn flutningakeðja

Velta FUT á starfsárinu var um 10 m.kr. Vegna innkominna framlaga er afgangur 2 m.kr. sem er þó ekki raunveruleg rekstraafkoma heldur fyrirframgreiðsla vegna kostnaðar tækninefndar um grunngerð rafrænna viðskipta sem búið er að gera ráð fyrir. Gert er ráð fyrir talsverðri aukningu á næsta starfsári. Mikilvægt er að FUT sé í nánu samstarfi við erlend og alþjóðleg stöðlunarsamtök eins og CEN og ISO. Fylgst er með því sem er að gerast hverju sinni og ný verkefni kynnt aðilum og tækninefndum FUT.

Eins og áður sagði eru 5 tækninefndir starfandi á vegum FUT í dag sem starfa að samtals um 15 - 18 verkefnum. Afurðirnar verða tækniforskriftir eða staðlar. Þátttakendurnir leggja mikinn metnað í að ná sammælum um bestu aðferðir hverju sinni.

Um 100 manns allsstaðar að koma að verkefnum FUT. Til að samræma vinnubrögð og auðvelda samskipti þeirra á milli var ákveðið var að taka í notkun miðlægan verkefnavef. Verkefnavefurinn hefur reynst mjög vel og mikil ánægja með þennan miðlæga samstarfsvettvang.

Kynningar og námskeið:

Staðlaráð hefur haldið 4 námskeið sem byggja á tækniforskrift um rafrænan reikning skv. NES/UBL TS135:2009. Tvö námskeið í hagnýtingu rafrænna reikninga og tvö námskeið í innleiðingu rafrænna reikninga. Námskeiðin voru mjög vel sótt og fleiri námskeið eru fyrirhuguð á næstunni.

Breytingar á framkvæmdaráði:

Í framkvæmdaráði FUT hafa orðið miklar breytingar í ár. Forsætisráðuneytið skipti um fulltrúa á árinu. Halla Björg Baldursdóttir hætti sem varamaður og inn kom Guðbjörg Sigurðardóttir í staðinn. Formaðurinn hætti einnig núna á vorfundinum og í stað hans kom Ragnar Torfi Jónasson inn sem aðalmaður í framkvæmdaráði FUT. Rúnar Már Sverrisson hætti í framkvæmdaráðinu eftir 10 ára starf. Rúnar hefur verið mikill frumkvöðull í starfi FUT og unnið mikið og gott starf fyrir FUT bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Arnaldur Arngrímsson hætti einnig, en hann hefur verið varamaður í framkvæmdaráði síðan 2008 og starfaði ötullega í fleiri tækninefndum FUT. Það er mikil eftirsjá í þessum aðilum og FUT þakkar þessum þeim vel unnin störf og óskar þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Á vorfundi þurfti því að kjósa nýjan formann FUT, 1 aðalmann og 1 varamann til eins árs. Hefðbundin kosning framkvæmdaráðs til tveggja ára, verður næst árið 2012. Til aðalmanns buðu tveir aðilar sig fram, Sigbór Örn Guðmundsson frá Reykjavíkurborg og Ólína Laxdal fyrir hönd SKÝ. Er þetta í fyrsta sinn í sögu FUT sem kjósa hefur þurft á milli aðila.

Skv. niðurstöðu kosninganna skipa eftirfarandi aðilar nýtt framkvæmdaráð FUT:

Haraldur A. Bjarnason

Sérfræðingur rekstrar- og upplýsingaskrifstofu - fjármálaráðuneyti, formaður

Jón Ellert Sævarsson

Forstöðumaður upplýsingatækni - Hagar, aðalmaður

Haukur Jónsson

Deildarstjóri SAP deildar - Síminn, aðalmaður, varaformaður

Ragnar Torfi Jónasson

Viðskiptagreinandi - Landsbankanum, aðalmaður

Sigbór Örn Guðmundsson

Aðstoðarupplýsingatæknistjóri - Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar, aðalmaður

Guðbjörg Sigurðardóttir

Skrifstofustjóri - forsætisráðuneyti, varamaður

Sæmundur Melstað

Framkvæmdastjóri upplýsingatækni - Húsasmiðjunni, varamaður